



Ársskýrsla Menntaskóla Borgarfjarðar
árið 2011

Inngangur

Í ársskýrslu Menntaskóla Borgarfjarðar (MB) er farið yfir helstu þætti skólastarfs á liðnu ári og hvernig til hefur tekist við að ná markmiðum sem skólinn hefur sett sér. Skólaárið 2011 gekk mjög vel. Áfram var unnið að innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga, endurskoðun skólanámskrár og innleiðingu nýs gæðakerfis. Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Braga Guðmundssyni og Trausta Þorsteinssyni hjá Gát ehf. að gera úttekt á starfi skólans á grundvelli 42. gr. laga um framhaldskóla nr. 92/2008. Skólinn kom mjög vel út úr því mati. Þá var einnig gerð úttekt á starfsbraut skólans en skýrsla er ekki komin út með niðurstöðum. Hér á eftir verður nánar gerð grein fyrir framvindu skólastarfsins.

Áherslur og meginsvið

Á árinu var áfram unnið að því að ljúka gerð þjónustusamnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið um kennslu skólans á framhaldsskólastigi og gerð skólasamnings þar sem kveðið er á um áherslur skólans í starfi, þjónustu og rekstur. Í tengslum við samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi Menntaskóla Borgarfjarðar og Kennarasambands Íslands var ákveðið að endurskoða stofnanasamning skólans og starfsmanna í KÍ. Skipað var í samstarfsnefnd og hefur hún einu sinni komið saman. Styrkur fékkst úr verkefnasjóði skólasamninga til að endurskipuleggja gæðakerfi skólans og innleiða svokallaða gæðagreina. Á vorönn sem og haustönn voru innleiddir gæðagreinar sem tengdust þátttöku starfsfólks í starfi skólans, kennslu og námsmati. Áfram var unnið að umsókn um Grænfána og er búið að senda inn lokaskýrslu. Vinnu við endurskoðun áfangalýsinga lauk í október og hafinn var undirbúningur að endurskoðun brautarlýsinga. Á haustönn var framkvæmd könnun á þörf fyrir heimavist meðal núverandi nemenda skólans sem búa í sveit og meðal nemenda á unglíngastigi í grunnskólum Borgarfjarðar. Sú könnun leiddi í ljós þörf á heimavist fyrir um 18-20 nemendur.

Nemendur

Vorönn 2011

Kennsla á vorönn hófst 17. janúar. Á önninni voru 157 nemendur, 79 drengir og 78 stúlkur. Skipting nemenda á brautir var eftirfarandi: 19 á almennri braut, 85 á félagsfræðabraut, 45 á náttúrufræðibraut, 4 á starfsbraut og 4 á grunnskólabraut. Brautskráning á vorönn fór fram 10. júní. Brautskráðir voru 26 nemendur af þremur brautum skólans. 17 nemendur voru brautskráðir af félagsfræðabraut til stúdentsprófs, 8 nemendur af náttúrufræðibraut til stúdentsprófs og einn nemandi af starfsbraut.

Haustönn 2011

Kennsla á haustönn hófst 22. ágúst. Á önnina innrituðust 173 nemendur, 77 drengir og 94 stúlkur. Skipting nemenda á brautir var eftirfarandi: almenn braut 17, félagsfræðabraut 89, náttúrufræðibraut 51, samræmd braut 10.

Nemendum hefur fjölgað jafnt og þétt við skólann frá stofnun hans. Flestir nemendur skólans koma úr Borgarbyggð eða um 90%. Úttekt ráðuneytisins sem framkvæmd var í nóvember 2011 leiðir í ljós að nemendum líður vel í skólanum og kennslumat skólans sýnir að hlutfall nemenda sem líður vel hefur aukist. Vinnu við endurskoðun á eineltisáætlun lauk á haustönn og er hún komin inn í skólanámskrá. Ný stjórn var kosin í foreldraráð á haustönn og hefur upplýsingaflæði milli foreldra og skóla verið styrkt. Viðhorfakönnun meðal útskriftarnemenda var framkvæmd á vorönn þar sem spurt var um nám, framtíðaráform, samskipti og ýmsa þjónustu skólans.

Starfsfólk

Við skólann starfa 23 starfsmenn. Auk kennara þá eru tveir stjórnendur, einn fjármálastjóri, umsjónarmaður starfsbrautar (jafnframt kennari), námsráðgjafi, skólafulltrúi, tölvuumsjónarmaður (jafnframt kennari), stuðningsfulltrúi, matráður.

Nám og skóli

Á haustönn var ákveðið að fara í vinnu við að endurskoða núverandi brautarlýsingar og undirbúa aukið námsframboð við skólann. Markmiðið er að auka fjölbreytni náms við skólann og styrkja núverandi brautir. Töluverð vinna var lögð í endurskoðun á skólanámskránni á árinu, hún uppfærð til samræmis við nýrri lög og reglur en enn á eftir að innleiða ýmsa þætti nýrrar aðalnámskrár og framhaldsskólalaga. Heimasíða skólans var tekin í gegn, framsetning efnis endurskipulögð og breytt. Skólinn vann að auki að fjölbreyttum þróunarverkefnum á árinu.

Heilsueflandi framhaldsskólar

Menntaskóli Borgarfjarðar er þátttakandi í verkefninu heilsueflandi framhaldsskólar. Markmiðið með verkefninu er að stuðla markvisst að velferð og góðri heilsu framhaldsskólanemenda. Skólinn lagði af stað með fyrsta viðfangsefnið næringu á haustdögum. Skólinn býður nemendum upp á hafragraut í morgunverð þeim að kostnaðarlausu. Sérstakur verkefnishópur heldur utan um verkefnið.

Comenius skólasamstarfsverkefni

Menntaskóli Borgarfjarðar er aðili að evrópsku skólasamstarfsverkefni ásamt skólum í Þýskalandi, Portúgal, Tyrklandi og Hollandi. Verkefnið er styrkt af evrópskum menntunarsjóði sem heitir Comenius en sjóðurinn styrkir fjölþjóðleg samstarfsverkefni skóla í Evrópu. Markmiðið með verkefninu er að auka skilning nemenda á fólksflutningum og menningarlegum áhrifum þeirra á samfélög. Verkefninu er ætlað að vera tæki til að hvetja til umburðarlyndis og betri samþættingar svæða sem búa við ólíkar menningarlegar aðstæður. Nemendur skiptast á heimsóknum, eignast vini af erlendum uppruna og kynnast síðum og venjum í öðrum löndum.

Gæðamál – að bæta gæðakerfi í skólastarfinu

Verkefnið Gæðamál – að bæta gæðakerfi í skólastarfinu naut styrks úr Verkefnasjóði skólasamninga á skólaárinu 2011-2012. Tilgangur verkefnisins er að endurskipuleggja gæðakerfi Menntaskóla Borgarfjarðar með því að taka upp svokallaða gæðagreina (How good is our school?) Markmiðið með upptöku gæðakerfisins er að aðstoða starfsmenn skólans við að meta gæði skólastarfsins. Skólinn hefur þegar hafið innleiðingu á gæðagreinum kerfisins.

Grænfáninn

Menntaskóli Borgarfjarðar hefur sett sér það markmið að fá að flagga Grænfánanum sem er alþjóðleg viðurkenning í umhverfismálum og umhverfismennt. Skólinn er langt kominn með verkefnið og lokaskýrslu um framgang verkefnisins var skilað á haustönn.

Borgarfjarðarbrúin

Borgarfjarðarbrúin er samstarfsvettvangur Menntaskóla Borgarfjarðar og grunnskóla Borgarbyggðar auk þess sem Laugagerðisskóli er þátttakandi í verkefninu. Borgarfjarðarbrúin hefur fengið styrk úr Sprotasjóði til að vinna að auknum sveigjanleika og fjölbreytni í námi, mati og kennsluháttum. Á haustönn var áherslan á notkun upplýsingatækni í ensku. Verkefnið er unnið í samstarfi við verkefnisstjóra menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Gert er ráð fyrir að verkefnið nái fram á vor 2012 og á vorönn verði að auki í boði fjölbreytt námskeið handa kennurum og starfsfólki í tengslum við markmið verkefnisins.

Kennsla

Kennsla var með hefðbundnum hætti á árinu 2011. Árlegur starfstími er 184 dagar og skólaárið skiptist í tvær annir, vor- og haustönn sem hvor um sig er 92 dagar. Kennarar skólans eru vel menntaðir og fastráðnir kennarar eru nær allir réttindakennarar. Kennarar hófu starf á haustönn með námskeiði um námsmat. Mikil áhersla er á að námsmatið sé leiðsögn fyrir nemendur í námi. Ákveðið var á haustönn að innleiða nýtt kennslukerfi sem heitir Moodle. Kennarar fengu námskeið og kynningu í desember en kerfið var síðan formlega tekið í notkun við annarskil í janúar 2012. Nemendum í öllum stærðfræðiáföngum bauðst að sækja stuðningstíma í stærðfræði báðar annir. Styrkur fékkst til að halda úti íslenskukennslu fyrir nemendur af erlendum uppruna og einnig fékkst styrkur til að auka við námsráðgjöf skólans tímabundið. Skólinn gefur kennurum tækifæri til að sækja námskeið sem þeir óska eftir í tengslum við starf sitt með því að gefa þeim leyfi á launum.

Stjórnun

Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar skipa Vífill Karlsson formaður, Bergur Þorgeirsson varaformaður, Guðrún Kristjánsdóttir, Geirlaug Jóhannsdóttir, Hanna Kristín Þorgrímsdóttir. Sú breyting varð á árinu að Bernhard Bernhardsson hætti í stjórn og kom Geirlaug Jóhannsdóttir í hans stað. Skólanefnd Menntaskóla Borgarfjarðar skipa sömu einstaklingar og sitja í stjórn skólans en að auki sitja þar fulltrúi foreldra,

Guðrún Elfa Hauksdóttir, fulltrúi nemenda, Sigríður Þorvaldsdóttir og fulltrúi kennara, Guðmundur Eypórsson. Foreldraráð starfar við skólann og var kosin ný stjórn á haustdögum. Í dag skipa foreldráð þau Guðrún Elfa Hauksdóttir, Krístrún Jóna Jónsdóttir og Áslaug Þorvaldsdóttir. Nemendafélag skólans skipa Sigríður Þorvaldsdóttir formaður, Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir gjaldkeri, Guðrún Sara Ásbjörnsdóttir ritari, Alda Rós Hafsteinsdóttir og Axel Örn Ásbergsson. Á árinu var kosið í skólaráð sem skipa auk skólameistara og aðstoðarskólameistara Sigríður Þorvaldsdóttir, Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir, Anna Guðmundsdóttir kennari og Ingibjörg Ingadóttir kennari.

Stjórn skólans kom saman til fundar 10 sinnum á árinu og skólanefnd tvisvar. Fundir stjórnenda og starfsmanna eru reglulegir, kennarafundir eru vikulega og eigi sjaldnar en aðra hverja viku. Fundir með öðrum starfsmönnum voru sjaldnar. Fundir með stjórn nemendafélags voru tíðir og fundir með öllum nemendum og starfsfólki skólans voru 3-4 hvora önn.

Innra mat

Styrkur fékkst úr verkefnasjóði skólasamninga til að innleiða nýtt gæðakerfi við skólann. Gæðakerfið byggir á því að teknir eru upp svokallaðir gæðagreinar sem er hjálpartæki skóla til að svara þremur spurningum, hvernig stöndum við okkur, hvernig vitum við það og hvað gerum við næst. Á árinu voru teknir upp og innleiddir þrjár gæðagreinar, þátttaka starfsfólks í starfi skólans, kennsla og námsmat. Í framhaldinu var unnin umbótaáætlun. Einnig var unnin sjálfsmatsáætlun til næstu þriggja ára (sjá nánar sjálfsmatskýrslu á heimasíðu skólans).

Ytra mat

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Braga Guðmundssyni og Trausta Þorsteinsyni hjá Gát ehf. að gera úttekt á starfsemi Menntaskóla Borgarfjarðar á haustdögum. Úttektin var gerð á grundvelli 42. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og samkvæmt þriggja ára áætlun ráðuneytisins um úttektir á framhaldsskólastigi. Að mati úttektaraðila er starfsemi MB í megindrátum í góðu horfi, nemendum líður vel í skólanum, þeim er sýnt traust og fengin ábyrgð á námi sínu og vinnustað. Skólinn er vel mannaður og stjórn hans styrk. Sérstaða skólans er athygli verð að mati úttektaraðila hvað varðar breytt fyrirkomulag námsmats, betri nýtingu skólaárs til kennslu og styttri námstíma til stúdentsprófs. Í lokaskýrslu eru dregnir saman styrkleikar og veikleikar í starfi og gerðar tillögur um úrbætur. Meðal þess sem lagt er til er að útveguð verði heimavistaraðstaða fyrir þá nemendur sem eiga um langan veg að fara. Ennfremur er hvatt til þess að farið verði í þá vinnu að flétta grunnþætti menntunar samkvæmt nýrri aðalnámskrá með virkum hætti inn í skólanámskrá, allt starf og stefnu skólans sem og að allar námsbrautir skólans verði skilgreindar með tilliti til fyrirmæla nýrrar aðalnámskrár fyrir framhaldsskóla. Þá er sérstaklega bent á þörf fyrir aukið athafnasvæði fyrir starfsbraut skólans. Lokaskýrslan verður aðgengileg á vefsvæði mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Rekstur og fjármál

Rekstur skólans er í mjög góðu jafnvægi. Tekjur skólans á árinu 2011 stóðu vel undir rekstri. Aðstaða til náms og kennslu er mjög góð. Nýtingarhlutfall áfanga er mjög gott.

Samstarf við aðra

Menntaskóli Borgarfjarðar á í margvíslegu samstarfi bæði við nærsamfélagið, stofnanir og fyrirtæki. Menntaskóli Borgarfjarðar á í formlegu samstarfi við grunnskóla Borgarbyggðar og Laugagerðisskóla undir merkjum Borgarfjarðarbrúarinnar. Skólameistari MB á sæti í háskólaráði Borgarfjarðar ásamt Háskólanum á Bifröst, Landbúnaðarháskóla Íslands, Snorrastofu og Borgarbyggð. Um er að ræða samstarf á breiðum grunni um ýmisleg þróunarverkefni á sviði rannsókna og fræðastarfa í héraði. Menntaskóli Borgarfjarðar og Fjölbrautaskóli Snæfellinga hófu samstarf undir lok árs um kaup og rekstur á netþjóni vegna hýsingar á nýju kennslukerfi. Þá hafa stjórnendur MB, FSN og Fjölbrautaskóla Vesturlands fundað um samstarfsmöguleika sem tengjast bættri þjónustu við nemendur í gegnum aukið námsframboð.

Menntaskóli Borgarfjarðar á í óformlegu samstarfi við stofnanir og fyrirtæki í nærsamfélaginu. Héraðsbókasafn Borgarfjarðar þjónustar nemendur skólans mjög vel og fyrirtæki hafa tekið við nemendum í starfsþjálfun.

Borgarnesi 16. febrúar 2012

Kolfinna Jóhannesdóttir